

Kortlagning tækifæra

í hagnýtingu gervigreindar

Unnið af DataLab

fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

September 2025



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu



Útgáfa 2

Inngangur	3
Um verkefnið	3
Hluti 1 - Úrbótaverkefni.....	4
Fjögur úrbótaverkefni í forgangi	5
Ú1 - Samráðsvettvangur um gervigreind	6
Ú2 - Samræmd gervigreindarstefna og verklag.....	8
Ú3 - Samræmd meðhöndlun gagna	9
Ú4 - Gervigreind í skólum	10
Niðurstaða	11
Hluti 2 - Hugmyndir að hagnýtingu	11
H1 - Gagnagreining fyrir lýðfræðilega þróun og skipulag.....	11
H2 - Sjálfvirk svörun fyrirspurna	13
H3 - Spunagreind fyrir byggingarfulltrúa	15
H4 - Spunagreind fyrir félagsþjónustu	16
H5 - Sjálfvirknivæðing ferla.....	18
H6 - Vaktaskipulag	19
Topp 3 hugmyndir að hagnýtingu gervigreindar	20
Ú1 - Samráðsvettvangur um gervigreind	20
H2 - Sjálfvirk svörun fyrirspurna	20
H3 - Spunagreind fyrir byggingarfulltrúa	22
H1 - Gagnagreining fyrir lýðfræðilega þróun og skipulag.....	24
Lokaorð	26
Viðauki 1: Hugmyndir og úrbótaverkefni	27

Kortlagning tækifæra

Inngangur

Um verkefnið

Kortlagning tækifæra með DataLab er ráðgjafarlausn sem snýst um að greina tækifæri til hagnýtingar gervigreindar í starfseminni. Sérfræðingar DataLab í hagnýtingu gervigreindar og gagnatækni taka viðtöl við einstaklinga og vinna upp úr því lista af tækifærum ásamt mati á virði þeirra og fýsileika. Matið byggir að miklu leyti á viðtölunum en einnig á reynslu sérfræðinga DataLab af tækninni, svipuðum verkefnum og innleiðingu þeirra.

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu höfðu samband við DataLab til að til að greina tækifæri aðildarsveitarfélaga til að vinna að slíkri hagnýtingu á sameiginlegum vettvangi.

Verkefnið var unnið í tveimur hlutum. Fyrri hlutinn fór að mestu fram í júní þar sem helstu viðtöl áttu sér stað. Haldinn var sameiginlegur fundur með fulltrúum allra aðildarsveitarfélaga og síðan sérstakur fundur með hverju sveitarfélagi fyrir sig. Seinni hlutinn fór fram í ágúst þar sem hópurinn hittist á ný og gaf endurgjöf á samantekt og tillögur DataLab frá fyrri fundum. DataLab vann síðan úr þeirri endurgjöf og skilar niðurstöðunni í þessu skjali.

Markmiðið var að finna 30 tækifæri, velja þau 10 bestu til frekari greiningar og síðan skilgreina topp 3 lista af þeim verkefnum sem best eru fallin til að taka áfram. Verkefnið þróaðist þó þannig að snemma varð augljóst að ýmissa úrbóta væri þörf áður en hægt væri að fara í öll þau verkefni sem sveitarfélögin gætu unnið saman að. Því varð niðurstaðan fjögur úrbótaverkefni og sex hugmyndir að hagnýtingarverkefnum. Niðurstöðunni er því skipt í tvo hluta: “Hluti 1 - Úrbótaverkefni” og “Hluti 2 – Hugmyndir að hagnýtingu”.

Ráðgjafar DataLab í þessu verkefni voru:

- Brynjólfur Borgar Jónsson - Stofnandi og framkvæmdastjóri
- Helga Dís Halldórsdóttir - Sérfræðingur í gagnavísindum
- Sigurður Óli Árnason - Vöruþróunarstjóri og sérfræðingur í gervigreind

Hluti 1 - Úrbótaverkefni

sem kalla á samstarf

Af 8 úrbótaverkefnum sem komust á blað í samtölum við sveitarfélögin voru fjögur sett í forgang og byggir matið á endurgjöf frá sveitarfélögunum ásamt faglegu mati DataLab. Þau eru:

Númer	Heiti úrbótaverkefnis
Ú1	Samráðsvettvangur um gervigreind
Ú2	Samræmd gervigreindarstefna og verklag
Ú3	Samræmd meðhöndlun gagna
Ú4	Gervigreind í skólum

Verkefnum 1-3 má lýsa sem grundvallarverkefnum og jafnvel í sumum tilfellum forsendum fyrir frekara samstarfi og er því skynsamlegt að tækla fyrst. Verkefni 4 (Gervigreind í skólum) var nefnt af nánast öllum sveitarfélögum enda kominn talsverður þrýstingur frá skólasamfélaginu að taka málefni gervigreindar föstum tókum.

Nánar er fjallað um verkefnin hér að neðan.

Úrbótaverkefni sem komu upp í viðtölum en fengu ekki brautargengi að þessu sinni eru:

- Sameiginleg innkaup og samnýting hugbúnaðarleyfa
- Sameiginleg þróun lausna með opið hugbúnaðarleyfi
- Sveitarstjórnargögn hjá Hagstofu
- Sameiginlegur rekstur upplýsingatækni

Þau úrbótaverkefni, sem ekki fóru í forgang og fá því ekki sérstaka umfjöllun hér, eru engu að síður áhugaverð og ættu að vera höfð til hliðsjónar í næstu skrefum. Til dæmis gætu tvö eða fleiri sveitarfélög tekið sig saman um að fjármagna þróun sérsniðinnar lausnar og gert þá kröfu til birgisins að kóðinn sé gefinn út með opnu hugbúnaðarleyfi svo önnur sveitarfélög geti síðar yfirfært og aðlagð lausnina að sinni starfsemi án þess að til sérstakrar greiðslu komi vegna hugverkaréttinda eða hugbúnaðarleyfis. Birginn gæti hins vegar séð um sérstakar aðlaganir lausnarinnar.

Fjögur úrbótaverkefni í forgangi

Fjallað er um verkefnin sem voru sett í forgang hér að neðan. Þau eiga það sameiginlegt að liðka fyrir samstarfi um hagnýtingu gervigreindar á sameiginlegum vettvangi sveitarfélaganna sjö (SSH).

Hvaða vanda leysir slíkt samstarf? Af hverju slíkt samstarf?

Fyrst og fremst er verið að tryggja að sveitarfélögin komi sér saman um ákveðin grundvallaratriði sem kalla má forsendur farsæls samstarfs um hagnýtingu gervigreindar. Sameiginleg sýn og verklag í þessum málaflökki auðveldar samstillt átak og samræmd meðhöndlun gagna má kalla tæknilega forsendu þess að samstarf um hagnýtingu gervigreindar gangi upp.

Hvað þarf til að koma á góðu samstarfi?

Samráðsvettvangurinn þarf svo að vera til staðar til að stilla saman strengina. SSH ásamt sveitarfélögunum sjö koma sér saman um fyrirkomulag sem þeim hentar og má ætla að afurðir þessa verkefnis (Kortlagning tækifæra með DataLab) séu gott veganesti í slíkt samstarf.

Ávinningur, áhætta og óvissa sem fylgir samstarfi

Helsti áhættupátturinn tengist miklum stærðarmun á sveitarfélögunum. Sum þeirra hafa svigrúm til að fjárfesta í stafrænni tækni og hafa náð talsverðum tæknilegum / stafrænum þroska á meðan önnur eru styttra komin. Vegna þess hafa þau ólíkar áherslur, þarfir og getu þegar kemur að hagnýtingu gervigreindar. Það gæti leitt af sér nánara samstarf á milli sveitarfélaga sem eru lík að þessu leyti. Það ætti jafnvel að byggja inn í útfærslu samstarfsins. Í ákveðnum verkefnum taka tvö eða fleiri sveitarfélög frumkvæðið og deila reynslu sinni með hinum á samráðsvettvanginum.

Ávinningurinn af slíku samstilltu átaki er skjótari og jafnvel hagkvæmari innleiðing gervigreindarlausna sem bæta þjónustu við íbúa og starfsfólk og eykur skilvirkni rekstrar. Þekking og reynsla ferðast á milli og bætir ákvarðanir og dregur úr líkum á því að sömu mistökin séu gerð.

Ú1 - Samráðsvettvangur um gervigreind

Lýsing

Leiðtogar sveitarfélaganna sjö í gervigreind mynda samráðsvettvang um gervigreind með heimahöfn hjá SSH. Hér er byggt á reynslu sveitarfélaga af samstarfi um innleiðingu stafrænna lausna sem hefur skilað góðum árangri.

Samráðsvettvangur um gervigreind hittist reglulega til að ræða málefni gervigreindar, samstarfsverkefni og einstök verkefni sveitarfélaga sem draga má lærdóm af.

Nánari útfærsla slíks samráðsvettvangs þarf að fara fram. Til dæmis þarf að ákveða hvort fókusinn eigi einnig að ná til stafrænnar þróunar og sjálfvirknivæðingar (RPA) enda málefnið nátengd innleiðingu gervigreindar. Það gæti verið skynsamleg niðurstaða og þá má segja að gervigreindin sé hrein viðbót við það samstarf sem þegar er komið á laggirnar.

Jafnframt ætti að ræða mögulega aðkomu Sambands íslenskra sveitarfélaga og Stafræns Íslands að slíkum vettvangi.

Verkefni slíks samráðsvettvangs eru fjölmörg. Sem dæmi má nefna eftirfarandi:

- Samræma stefnu og verklag um gervigreind.
- Samræma fræðslu til starfsfólks eftir hlutverkum.
- Halda utan um önnur úrbótaverkefni, t.d. samræmda meðhöndlun gagna, og leggja á ráðin um næstu skref.
- Miðla reynslusögum af einstökum verkefnum og lausnum. Hvað hefur gengið vel og hvar mætti gera betur?
- Hlutverk sem eru sameiginleg öllum sveitarfélögum, t.d. byggingarfulltrúar, félagsþjónusta, umhverfismál, tekin fyrir og þarfir greindar áður en ráðist er í þróun sameiginlegra lausna. Fólk og ferlar fyrst, en þar stranda málin oft en á tækninni sjálfri.
- Tilraunaverkefni í samráði. Eitt eða fleiri sveitarfélög taka frumkvæði í einstökum verkefnum en deila reynslu með öðrum. Þannig geta öll sveitarfélögin notið góðs af reynslu þeirra sem fara yfir á meiri hraða eða leggja áherslu á ólík málefni.
- Sameiginlegur þrýstingur á birgja um þjónustu, hagstæð verð og þróun lausna sem öllum nýtast, jafnvel sameiginleg innkaup hugbúnaðarleyfa.
- Áhættumat gervigreindarlausna og forgangs röðun sem byggir á því.
- Sameiginlegar kröfur settar fram vegna hugbúnaðarþróunar/kaupa.



- Umræða um viðbrögð við lagabreytingum og nýju lögum frá Alþingi.

Af hverju?

Sveitafélögin sinna sömu verkefnum og mæta svipuðum áskorunum en þó á ólíkum skala. Þau eru meðvituð um gildi samstarfs enda vinna þau saman á mörgum sviðum.

Það liggur fyrir að gervigreind verður innleidd með einum eða öðrum hætti í starfsemi sveitarfélaga á næstu árum til að leysa fjölbreytt verkefni og mæta áskorunum sem eru oftast en ekki sameiginlegar. Samstarf er því augljós leið til að ná árangri á þessu sviði með skilvirkari hætti en ella.

Samstarfið í SSH hefur verið að eflast. Gagnlegt gæti verið að hafa slíkan samráðsvettvang um gervigreind hjá SSH fremur en Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Flækjustigið er minna auk þess sem nálægðin hvert við annað auðveldar samstarf.

Minni sveitafélögin í SSH eiga erfiðara með að tækla gervigreindina en þau stærri, einfaldlega vegna þess að þar skortir mannskap og þekkingu. Vettvangurinn myndi jafna leikinn og flýta fyrir upptöku lausna hjá þeim stærri.

Á þessum vettvangi gætu sveitarfélögin skipulagt samstarf tveggja til þriggja á meðan önnur fá að fylgjast með frá hliðarlínunni og jafnvel hoppað á vagninn seinna í ferlinu. Minni sveitarfélögin geta oft hreyft sig hraðar en þau stærri og þannig lært hraðar og deilt með þeim stærri. Þau bæta upp fyrir smæð með hraða. Virði í samstarfinu getur því komið úr öllum áttum.

Þótt sum séu komin lengra en önnur í gervigreind þá er tæknin enn ný af nálinni og enginn búinn að missa af lestinni.

Næstu skref

SSH hefur frumkvæði að því að mynda slíkan vettvang með sveitarfélögum sjö.

Ú2 - Samræmd gervigreindarstefna og verklag

Lýsing

Samræmd stefna sveitarfélaga um gervigreind sem nær til stjórnsýslu, rekstrar sveitafélaga, stofnana sem heyra undir sveitarfélög og þjónustu við íbúa.

Stefna sem svarar spurningunni: Hvernig ætlum við að nýta gervigreind í starfseminni til næstu ára til að auka skilvirkni og bæta þjónustu?

Í slíkri vinnu er staða á lykilþáttum sem koma við sögu metin, raunhæf markmið sett, úrbótaverkefni skilgreind. Leitast er við að ryðja úr vegi tæknilegum og skipulagslegum áskorunum.

Slík stefna fjallar m.a. um hagnýtingu gervigreindar á sameiginlegum vettvangi sveitarfélaganna en gefur gott svigrúm fyrir sveitarfélögin að fara sínar eigin leiðir í einstökum málaflokkum.

Verklag sveitarfélaga um hagnýtingu gervigreindar. Hvernig eflum við starfsfólkið í að hagnýta gervigreind, hvernig eflum við íbúana?

Hér er þörf á fræðslu og þjálfun sem stuðlar að sameiginlegum skilningi, upplýstri umræðu og valdeflir fólki til að hefja sína eigin tilraunastarfsemi með aðgengilegum tólum.

Miðlægar og sameiginlegar leiðbeiningar um verklag við notkun algengra gervigreindartóla þvert á sveitarfélög, með fókus á stöðugildi sem öll sveitafélögin eru með (byggingarfulltrúar, félagsþjónusta o.fl.).

Af hverju?

Sveitarfélög geta lagt ólíkar áherslur í hagnýtingu gervigreindar en hin almenna stefna ætti að vera sameiginleg enda þarfirnar, stóru tækifærin og áskoranirnar sameiginlegar þvert á sveitarfélög.

Stærri sveitarfélögin hafa þegar hafið eða lokið slíkri vinnu (stefna og verklag um notkun gervigreindarlausna) og koma því vel undirbúin inn í slíkt sameiginlegt verkefni.

Næstu skref

Sveitarfélögin bera saman núverandi stefnu og verklag sem samin voru fyrir hvert og eitt sveitarfélag. Slík rýni leiðir í ljós sameiginlegar áherslur og atriði sem greina á milli.

Ú3 - Samræmd meðhöndlun gagna

Lýsing

Ábyrg notkun gervigreindar krefst góðra og samræmdra gagna auk markvissrar gagnastýringar, t.d. öryggisflokkunar gagna. Samstarf um hagnýtingu gervigreindar þvert á sveitarfélög gerir ríkar kröfur til þeirra gagna sem liggja til grundvallar. Sveitarfélögin sinna málefnum - eigin gögnum - að mestu hvert í sínu lagi, eru mislangt komin og eru mjög líklega að taka ólíkar ákvarðanir sem gæti tafið samstarfsverkefni í náginni framtíð.

Málefnið er brýnt þar sem óvissa um hvað megi gera og hvað telst öruggt að gera er talsverð. Þekking á þessum málaflokki er ólík eftir sveitarfélögum og eftirspurn eftir miðlun þekkingar talsverð.

Meðal þess sem mætti að samræma þvert á sveitarfélög:

- Öryggisflokkun gagna. Frá mjög viðkvæmum til opinberra gagna. Sem dæmi þá fara heilbrigðis-, barnaverndarmál- og velferðargögn í hæsta öryggisflokk. Gögn sem þegar eru birt á vefsíðu eru í lægsta flokki.
- Undirbúningur gagna fyrir MS Copilot kallar á flokkun eða töggun gagna.
- Undirbúningur og meðhöndlun gagna á vef vegna innleiðingar spjallmenna fyrir almenning.
- Samhæfing gagna og samræming mælikvarða þvert á sveitarfélög sem tryggir samanburðarhæfa tölfræði og möguleika á að innleiða t.d. spálíkön þvert á sveitarfélög.
- Samræma þarf grunnskilgreiningar og hugtök áður en farið er í að innleiða sameiginleg kerfi og gervigreindarlausnir.
- Samræming gagnaskila, t.d. ársreikningar sveitarfélaga.

Af hverju?

Ef ætlunin er að hagnýta gervigreindarlausnir sem byggja á gögnum frá fleiri en einu sveitarfélagi, jafnvel sjö sveitarfélögum, er lykilforsenda að gögnin séu samræmd. Annars munu þau ávallt lenda í vandræðum í gagnalaginu og verkefnin daga uppi.

Öryggisflokkun gagna stýrir meðhöndlun og hagnýtingu þeirra. Til dæmis hvar má vista þau og hvaða skilyrðum þarf að fullnægja til að þau megi nota í gervigreindartólum. Óvissa mun tefja framvindu.

Næstu skref

Sum sveitarfélög eru byrjuð að rýna gögn og innviði með hliðsjón af hagnýtingu gervigreindar. Þau hafa verið að undirbúa gögnin fyrir hagnýtingu.

Þau koma vel undirbúin í slíka vinnu og geta miðlað sinni reynslu og þannig flýtt fyrir framvindunni hjá þeim sem styttra eru komin.

Þau sem eru lengra komin geta hafið samstarf um einstakar lausnir fyrir en þau sem eru styttra komin. Ekki er nauðsynlegt að bíða eftir öllum.

Ú4 - Gervigreind í skólum

Lýsing

Augljóst samstarfsverkefni á vettvangi SSH, sem hæfist á góðu samtali sveitarfélaganna. Sambandið og stjórnvöld koma líka við sögu.

Af hverju?

Kennarar eru farnir að óska eftir svörum. Þau og nemendur þeirra eru þegar farin að nota ýmis tól í starfi og námi en leikreglur skortir.

Öll sveitarfélögin eru með málið á dagskrá en eru mislangt komin.

Næstu skref

Samráðsvettvangur um gervigreind á vegum SSH tekur málið fyrir í samráði við viðeigandi aðila.

Nýlega kom út aðgerðaáætlun stjórnvalda um gervigreind.

[Stjórnarráðið | Verðmætasköpun og velferð leiðarstef í fyrstu aðgerðaáætluninni um gervigreind](#)

Ein af fimm grunnstoðum aðgerðaáætlunarinnar er

“**Menntun í takt við tímann**, sem miðar að því að búa samfélagið sem best undir áframhaldandi stafræna umbreytingu og stuðla að því að öll nýting gervigreindar verði í samræmi við mannréttindi, siðferðileg gildi og fjölbreyttar þarfir samfélagsins.”

Það má gera ráð fyrir að eitthvað komi fram á þessum vettvangi á næstu misserum.

Niðurstaða

Þegar lagt var af stað í verkefnið - Kortlagning tækifæra - var ætlunin að skilgreina ákjósanlegar hugmyndir vegna hagnýtingar gervigreindar á sameiginlegum vettvangi SSH. Það var gert og má lesa um þær í afurðum verkefnisins. Í samtölum við sveitarfélögin kom þó fljótlega í ljós að enn á eftir að leggja í undirbúningsvinnu til að tryggja farsælt samstarf um hagnýtingu gervigreindar.

Úrbótaverkefnin sem hér er fjallað um má lýsa sem skrefum í rétta átt en líklegt er að fleiri slík verkefni komi fram í vinnu samráðsvettvangsins.

Hluti 2 - Hugmyndir að hagnýtingu

Hér eru topp 6 hugmyndirnar að verkefnum til hagnýtingar.

Númer	Heiti hugmyndar
H1	Gagnagreining fyrir lýðfræðilega þróun og skipulag
H2	Sjálfvirk svörun fyrirspurna
H3	Spunagreind fyrir byggingafulltrúa
H4	Spunagreind fyrir félagsþjónustu
H5	Sjálfvirknivæðing ferla
H6	Vaktaskipulag

H1 - Gagnagreining fyrir lýðfræðilega þróun og skipulag

Í mati á einstökum hugmyndum var ákveðið að fella saman tvær hugmyndir:

- Gagnagreining fyrir skipulag

- Spálíkan fyrir lýðfræðilega þróun

Markmið beggja hugmynda er að bæta ákvarðanir í skipulagsmálum sveitarfélaga.

Lýsing lausnar

Um er að ræða greiningu og úrvinnslu gagna til að styðja við ákvarðanatöku í skipulagsmálum, þ.e. vegna deiliskipulags og aðalskipulags. Lykilhlutverki gegnir spálíkan fyrir höfuðborgarsvæðið sem metur líklega þróun í fjölda og samsetningu íbúa. Matið nær til einstakra hverfa á höfuðborgarsvæðinu, á lýðfræðilegum þáttum sem liggja til grundvallar í fjárfestingaákvörðunum sveitarfélaga, í innviðum og þjónustu.

Önnur gögn sem varpa ljósi á núverandi innviði og þá sem þegar eru komnir í skipulag þvert á sveitarfélög koma einnig við sögu. Mat spálíkans má þá betur setja í samhengi til að tryggja góðar ákvarðanir.

Hvaða vandamál leysir lausnin? Af hverju slík lausn?

Slík lausn nýtist í stefnumótun og fjárfestingum í innviðum og þjónustu, t.d. vegna uppbyggingar skóla, þjónustu við aldraða og aðra sem sækja þjónustu til sveitarfélaganna. Til að mynda gæti lausnin aðstoðað við að svara spurningum eins og

- Hversu mörg leikskólapláss þarf í hverfið?
- Hversu margir munu þurfa á félagsþjónustu að halda?
- Hver er líkleg eftirspurn eftir hjúkrunarrýmum?
- Hvernig verður mannfjöldaþróun út frá aldursdreifingu og hjúskaparstöðu?

Sveitafélög vinna nú með eigin gögn og líkön en hafa efasemdir um gæði þeirra. Gera má ráð fyrir að úrvinnslan sé ólík eftir sveitarfélögum sem er óæskilegt. Hægt er að gera betur með ítarlegri gögnum og þróaðri aðferðum. Þar að auki fengist yfirsýn þvert á sveitarfélög.

Verkefnið er sameiginlegt, öll þurfa sveitarfélögin að taka slíkar ákvarðanir og væri skynsamlegt að sameinast um eina lausn og miðla henni til allra sveitarfélaga.

Hvað þarf til að þróa og innleiða slíka lausn?

Reykjavík hefur hafið vinnu við þróun spálíkans um lýðfræðilega þróun og hefur átt í samtali við Hagstofuna um aðgengi að gögnum Hagstofunnar. Sú vinna myndi nýtast öllum sveitarfélögum.

Þróun slíkrar lausnar krefst samræmdra gagna frá sveitarfélögunum sjö.

Innleiðing lausnarinnar hefur áhrif skipulagsferla sveitarfélaganna og gæti stuðlað að samræmdu vinnulagi.

Ávinningur, áhætta og óvissa

Ávinningur af lausninni:

- Samræmd gagnadrifin ákvarðanatataka sem byggir á ítarlegum gögnum og vandaðri gagnagreiningu og bestu mögulegu aðferðafræði við spálíkanagerð
- Bætt yfirsýn þvert á sveitarfélög
- Sparnaður í vinnu með því að nota eina sameiginlega lausn

Áhættuþættir og óvissa tengjast einkum eftirfarandi þáttum:

- Samræma þarf gögn, hugtök og skilgreiningar á milli sveitarfélaga
- Samræming verkferla í gagnaskráningu skipulagsmála til að tryggja samfelli í gögnum þvert á sveitarfélög
- Samstarf við Hagstofu

Niðurstaða

Lausnin fer á topp 10 þar sem hún gæti skilað sveitarfélögum betri ákvörðunum í skipulagsmálum. Mikið er í húfi þar sem vanmat eða ofmat á þörf fyrir innviði og þjónustu geta kostað sveitarfélögin háar fjárhæðir.

Reykjavík hefur þegar hafið undirbúning fyrir slíka lausn og lýstu fulltrúar Reykjavíkur yfir áhuga á samstarfi við sveitarfélög innan SSH.

H2 - Sjálfvirk svörun fyrirspurna

Lýsing lausnar

Nýting tilbúinna lausna til að svara fyrirspurnum sjálfvirk. Hér má einbeita sér að þeim spurningum og málum sem hægt er að svara með núverandi tækni án þess að

mannshöndin komi að málinu. Dæmi um svið sem má nýta slíkar lausnir á eru þjónustusvið, tæknisvið og launasvið. Þjónustusvið er augljósasti kosturinn.

Hvaða vandamál leysir lausnin? Af hverju slík lausn?

Í ákveðnum flokkum eru mikið af einföldum spurningum því fólk sendir frekar inn einfaldar fyrirspurnir en að leita sér svara í flóknum upplýsingahandbókum. Tími starfsfólks fer í að svara atriðum sem einfalt væri að fá svör við úr upplýsingahandbókum. Tími einstaklingsins sem spyr spurningarinnar fer í að bíða eftir svari.

Hægt er að innleiða slíkar lausnir með tiltölulega litlum tilkostnaði.

Hvað þarf til að þróa og innleiða slíka lausn?

Til er aragrúi lausna sem hægt er að útfæra til að svara slíkum spurningum og verða þær betri með hverjum deginum. Hafnafjörður hefur nú þegar innleitt lausn frá Avista til að svara spurningum íbúa á vefsíðunni sinni. Önnur sveitarfélög geta væntanlega lært af því ferli. Flestar þeirra krefjast takmarkaðrar tæknikunnáttu til að útfæra og innleiða.

Gæði slíkra lausna eru mjög mismunandi og verðið eftir því. Greina þarf flækjustig efnisins og spurninganna og velja lausn eftir þörfum.

Nútímalausnir mynda sjálfvirk svör út frá texta á heimasíðu og því er mikilvægt að fara yfir hann og tryggja að upplýsingarnar sem gefnar eru lausninni séu réttar.

Til þess að innleiða slíka lausn fyrir tækni- eða launasvið þyrfti að koma henni fyrir þannig að starfsfólk hafi greiðan aðgang að henni. T.d. væri hægt að setja hana upp á innri síðum sem starfsfólk leitar almennt í, eða jafnvel bæta henni við sem Teams rás sem hægt er að spjalla við.

Ávinningur, áhætta og óvissa

Ef vel tekst til fækkar einföldum fyrirspurnum og biðtími styttest. Ef illa tekst til geta slíkar lausnir skapað óánægju með þjónustustig. Því er mikilvægt að stíga varlega til jarðar í fyrstu skrefunum og tryggja að mannleg þjónusta sé veitt þeim sem þurfa og vilja.

Niðurstaða

Lausnin er á topp 10 því mögulega er hægt að fá ávinning af einfaldri útfærslu og ekki þörf á flókinni þróun. Þónokkur reynsla er komin á slíkar lausnir.

H3 - Spunagreind fyrir byggingafulltrúa

Lýsing lausnar

Lausn sem nýtir spunagreind til að aðstoða byggingafulltrúa við að finna viðeigandi upplýsingar úr lögum, reglugerðum og leiðbeiningum.

Hvaða vandamál leysir lausnin? Af hverju slík lausn?

Mikið af fyrirspurnum koma til byggingafulltrúa og byggja svörin á flókinni vinnslu textagagna. Óraunhæft er að þróa lausn í náginni framtíð sem leysir þessa svörun sjálfvirk og svarar sjálfstætt. Þar sem mikinn tíma getur tekið að svara hverri fyrirspurn getur þó verið mikill ávinningur af því að stytta tímann sem tekur byggingafulltrúa að svara hverri þeirra, þótt hann sjái um að fara yfir svarið, aðlaga og gefa lokasamþykki.

Framhaldsmöguleikar liggja í að vinna upplýsingar úr teikningum og kortum með aðstoð gervigreindar en til þess þarf tæknin lengri tíma til að þróast.

Hvað þarf til að þróa og innleiða slíka lausn?

Óraunhæft er að leysa verkefnið með tilbúnum lausnum. Nauðsynlegt væri að sérsníða hugbúnaðarlausn sem byggir á spunagreind og er sérsniðin að verkefninu. Líklega má þó byggja lausnina á tilbúnum hugbúnaðareiningum. Þessi hugbúnaður ætti samt sem áður að geta nýst ólíkum sveitarfélögum án mikilla breytinga.

Ágætis þekking hefur byggst upp á Íslandi í beitingu spunagreindar við vinnslu lagagagna og samninga. Hún ætti að nýtast við þróun slíkrar lausnar og þekkingin því til staðar innanlands til þróunar. Reykjavíkurborg hefur verið í þróun á slíkri lausn og þar með komin dýrmæt reynsla sem mætti byggja á.

Til að lausnin nýtist ólíkum sveitarfélögum þurfa þau þó að samræma gögn og reglur og gera þau aðgengileg. Það er óvíst hversu auðveld sú vinna er.

Til að vinna áreiðanlegar upplýsingar úr teikningum og kortum þarf líklega að bíða eftir frekari tækniframförum sem þó virðast á sjóndeildarhringnum.

Hægt væri að skipta þróun lausnarinnar í eftirfarandi skref:

- **Skref 1:** Lausn sem finnur viðeigandi lagaákvæði og reglugerðir, gerir úrdrátt og leggur til tengda texta.

- **Skref 2:** Lausn sem hjálpar við að bera saman mismunandi reglur eða túlka álitamál.
- **Skref 3:** Lausn sem vinnur með teikningar/kort.

Ávinningur, áhætta og óvissa

Mikill tími fer í þessa vinnslu eins og er og krefst sérmenntaðs vinnuafls. Vinnan er svipuð milli sveitarfélaga og ætti þróun að samnýtast vel milli þeirra. Hér er því mikill mögulegur ávinningur.

Óvissa er þó með skýrleika reglnanna sem kerfið þarf að fylgja, þ.e.a.s. hvort núverandi ferlar séu alfarið skilgreindir í lögum og reglugerðum eða hvort mannlegt mat sé ennþá mikilvægur þáttur. Ef svörin eru ekki nógu góð á starfsmaður erfitt með að treysta þeim og vill ekki nota lausnina. Nauðsynlegt er að svörin séu gagnsæ og vísi í heimildir.

Niðurstaða

Mikill ávinningur gæti hlotist af lausninni og hér er um að ræða góðan kandídat fyrir tilraun til að þróa spunagreindarlausn sem nýtist ólíkum sveitarfélögum í bakvinnslu.

H4 - Spunagreind fyrir félagsþjónustu

Lýsing lausnar

Notkun spunagreindar til að styðja starfsfólk félagsþjónustu við að finna úrræði og svara spurningum um réttindi og aðstoð fyrir íbúa.

Hvaða vandamál leysir lausnin? Af hverju slík lausn?

Mikið af fyrirspurnum koma til félagsþjónustu og byggja svörin á flókinni vinnslu textagagna. Óraunhæft er að þróa lausn í náginni framtíð sem leysir þessa svörun sjálfvirk og svarar sjálfstætt. Þar sem mikinn tíma getur tekið að svara hverri fyrirspurn getur þó verið mikill ávinningur af því að stytta tímann sem tekur að svara hverri þeirra, þótt starfsmaður sjái um að fara yfir svarið, aðlaga og gefa lokasamþykki.

Dæmi um spurningar sem hægt væri að svara:

- Hvaða húsnæðisúrræði standa einstaklingi með X aðstæðum til boða?
- Hvaða rétt hefur fjölskylda með Y tekjur til fjárhagsaðstoðar?
- Hvaða skjöl þarf að leggja fram með umsókn um Z?

Framhaldsmöguleikar liggja í að hjálpa til við vinnslu umsókna. Í sumum tilfellum er hægt að svara hluta umsókna sjálfvirkir en í öðrum er hjálplegt að koma með tillögu að flokkun til starfsmanns.

Hvað þarf til að þróa og innleiða slíka lausn?

Óraunhæft er að leysa verkefnið með tilbúnum lausnum. Nauðsynlegt væri að sérsníða hugbúnaðarlausn sem byggir á spunagreind og er sérsníðin að verkefninu. Líklega má þó byggja lausnina á tilbúnum hugbúnaðareiningum. Þessi hugbúnaður gæti nýst ólíkum sveitarfélögum án mikilla breytinga.

Til að lausnin nýtist ólíkum sveitarfélögum þurfa þau þó að samræma gögn og reglur og gera þau aðgengileg. Það er óvíst hversu auðveld sú vinna er.

Ávinningur, áhætta og óvissa

Mikill tími fer í þessa vinnslu eins og er og krefst sérþjáfaðs vinnuafls. Verkefnin eru svipuð milli sveitarfélaga og ætti þróun að samnýtast vel milli þeirra. Hér er því mikill mögulegur ávinningur.

Óvissa er þó með form, gæði og samræmi þeirra textagagna sem byggja þarf lausnina á.

Innleiðing spunagreindar í félagsþjónustu kallar á varfærni, þar sem málið snýr að viðkvæmum upplýsingum um einstaklinga og réttindi þeirra. Félagsþjónusta vinnur með viðkvæmar persónuupplýsingar. Það er óheimilt að nota slíkar upplýsingar í opnum kerfum sem þjálfar sig á notendagögnum. Tryggja þarf að öll gagnavinnsla fari fram innan öruggs umhverfis og að lausnin sé hönnuð í samræmi við persónuverndarlöggjöf (GDPR). Mögulega þarf að tryggja öll vinnsla fari fram á Íslandi.

Niðurstaða

Mikill ávinningur gæti hlotist af lausninni og hér er um að ræða ágætis kandiðat fyrir tilraun til að þróa spunagreindarlausn sem nýtist ólíkum sveitarfélögum í bakvinnslu.

H5 - Sjálfvirknivæðing ferla

Lýsing lausnar

Í starfsemi sveitarfélaga felst fjöldi endurtekinna og reglubundinna verkefna sem krefjast mikillar handavinnu. Hægt er að sjálfvirknivæða ýmsa ferla með nýtingu tóla eins og UIPath, Power svítu Microsoft, 50Skills journey, eða sérsníðuðum erindrekum (AI Agents).

Hvaða vandamál leysir lausnin? Af hverju slík lausn?

Hægt er að nota slíkar lausnir til að sjá um skráningu gagna úr umsóknum og erindum, skýrslugerð eða greiðsluflæði og reikningavinnslu. Með þessu er hægt að stytta afgreiðslutíma mála, draga úr villum í vinnslu gagna og spara tíma starfsmanna sem nýtist í þjónustu sem krefst mannlegrar nærveru. Einnig getur slík vinnsla aukið gagnsæi og rekjanleika í stjórnsýslu.

Hvað þarf til að þróa og innleiða slíka lausn?

Nú þegar er í notkun lausn frá íslenska fyrirtækinu Evolv sem nýtir RPA tólið UIPath til að sjálfvirknivæða ferla í bókhaldi o.fl. Þessar lausnir eru í notkun í nokkrum sveitarfélögum. Áhugi er á að nýta þessar lausnir víðar en hár kostnaður við hugbúnaðarleyfi UIPath hefur verið takmarkandi þáttur.

Ný tól spretta sífellt fram á sjónarsviðið og mikil hagkvæmni getur falist í að finna ódýrt tól sem leysir tímafrekt verkefni. 50skills er dæmi um einfalt tól sem hefur verið notað til að sjálfvirknivæða ýmsa ferla í mannauðsmálum.

Þróun gervigreindartækni og spunagreindar á síðustu misserum hefur aukið möguleikana á sjálfvirknivæðingu. Áður þurfti að skilgreina ákvarðanaflæðið til fulls en nú getur tölvan tekið ákvarðanir um óljósari atriði ef ákveðið er að treysta henni fyrir því.

Fyrir stærri og flóknari ferla getur verið hagkvæmt að fara út í sérsníði hugbúnaðarlausna til að leysa verkefnið með áreiðanlegum hætti. Þá má gera séraðlaganir á nýtingu spunagreindar eða útfærslu á vélnámslíkani til að taka ákvarðanir og er það þá hluti af ferlinum. Einnig er oft nauðsynlegt að undirbúa gögnin til að lausnin geti unnið með þau með áreiðanlegum hætti og smíða tengingar við núverandi kerfi.

Áður en sjálfvirknivæðing hefst þarf að greina hvaða ferlar henta best. Ferlar sem eru endurteknir, tímafrekir og byggja á skýrum gögnum skila mestum ávinningi, en ferlar með miklar undantekningar eða síbreytilegt vinnuflæði henta síður.

Ávinningur, áhætta og óvissa

Mikill tímasparnaður getur falist í sjálfvirknivæðingu ferils. Einnig forðar það starfsfólki frá endurtekningarsamri vinnu. Flókið getur hins vegar verið að greina ferla til fulls og ef nýta á gervigreind til að taka ákvarðanir þarf að gera áhættumat og hafa skýrar kröfur til kerfisins.

Niðurstaða

Gríðarleg tækifæri eru í nýtingu hugbúnaðarlausna til að sjálfvirknivæða ferla í bakvinnslu. Með nýrri tækni má leysa enn flóknari verkefni en áður. Stundum er hægt að fá mikinn ávinning af því að nýta tilbúin tól en í öðrum tilvikum getur borgað sig að þróa og innleiða séraðlagðar lausnir.

H6 - Vaktaskipulag

Lýsing lausnar

Lausn sem hjálpar til við að skipuleggja vaktir og tryggja rétt vinnuskipulag. Myndi t.d. nýtast fyrir starfsfólk sundlauga, íþróttaaðstöðu og bæjarvinnu.

Hvaða vandamál leysir lausnin? Af hverju slík lausn?

Hægt að draga úr handavinnu, taka tillit til frídaga og vinnutíma og passa að enginn vinni óeðlilega yfirvinnu. Þá er einnig hægt að passa að lögum og kjarasamningum sé fylgt.

Hvað þarf til að þróa og innleiða slíka lausn?

Vænlegast er að skoða og nýta möguleikana sem eru til boða í núverandi lausnum, t.d. Vinnustund, til fulls. Ef slíkar lausnir eru ekki fullnægjandi má gera greiningu á því hvort hagkvæmt sé að þróa sérstaka lausn og hvernig megi tengja hana við núverandi kerfi. Best væri að gera athugun á því hvaða lausnir eru nú þegar í notkun og hvernig þær eru nýttar.

Ávinningur, áhætta og óvissa

Töluvert virði er í slíkri lausn en fyrir minni vinnustaði geta lausnir verið of dýrar. Ef umhverfið krefst sérstakra aðlagana verður kostnaðurinn meiri.

Niðurstaða

Það er vel þess virði að nýta betur þá möguleika sem eru í boði í núverandi lausnum. Fyrir stærri vinnustaði getur borgað sig að fara í séraðlaganir.

Topp 3 hugmyndir að hagnýtingu gervigreindar

Eftirfarandi er tillaga DataLab að þeim þremur hugmyndum sem best eru til þess fallnar að ráðast í. Þeim er ekki forgangsraðað hér. Ótalmargt getur komið til við val á verkefni og í mörgum tilfellum er nauðsynlegt að fara í frekari þarfagreiningu áður en lagt er af stað.

DataLab mælir jafnframt með því að samráðsvettvangur SSH um gervigreind verði settur saman og þar verði næstu skref ákveðin og samstarfið eftt. Samráðsvettvangurinn er því einnig dreginn hér fram.

Ú1 - Samráðsvettvangur um gervigreind

Meðal fyrstu verkefna hans verður að taka afstöðu til þeirra hugmynda sem fram komu í þessu verkefni og ákvarða næstu skref. Þau gætu t.a.m. verið að samræma stefnu og verklag vegna hagnýtingar gervigreindar þvert á sveitarfélög og undirbúa samræmingu gagna vegna fyrstu samstarfsverkefna.

H2 - Sjálfvirk svörun fyrirspurna

Hugmyndin snýst um að nýta tilbúna hugbúnaðarlausnir sem má aðlaga til þess að svara einfaldari fyrirspurnum sjálfvirk. Þetta eru oft spjallmennir sem svara viðskiptavinum eða þjónustuþegum. Einnig má nýta slíkar lausnir til að aðstoða stoðdeildir sveitarfélaga við að aðstoða annað starfsfólk, t.d. launasvið eða tæknisvið.

Nýting lausna til að svara fyrirspurnum sjálfvirk er gott byrjunarskref í vegferð í átt að hagnýtingu gervigreindar. Sum sveitarfélaganna hafa töluverða reynslu af notkun þeirra og gætu auðveldlega miðlað henni til annarra. Hér er gott tækifæri til að koma samtali af stað um nýtingu lausna.

Mosfellsbær hefur sýnt því áhuga að læra af Hafnarfirði hvernig þau settu upp spjallmennir á heimasíðunni sinni. Tilvalið fyrsta skref hér væri að Mosfellsbær fari í slíka innleiðingu og miðli síðan reynslunni á sameiginlegum vettvangi SSH. Einnig er ástæða til að athuga hvort

til séu handbækur, t.d. um tækni- eða launamál, sem nýta meg til að byggja slíkt spjallmenni á og bjóða starfsfólki að prófa.

Fyrstu skref

Skref 1: Val á samstarfsaðilum

Hafnarfjörður hefur nú þegar innleitt lausn frá Avista til að svara spurningum íbúa á vefsíðu sinni. Önnur sveitarfélög geta lært af þeirri innleiðingu. Til að koma slíku samstarfsverkefni af stað væri tilvalið að eitt sveitarfélaganna ræddi við Hafnarfjörð um reynslu þeirra af slíkri uppsetningu og athugi hvað meg læra og nýta úr því verkefni.

Ákveða þarf hvernig samstarfið á að líta út. Mögulega er hægt að samnýta þróun þar sem fyrirspurnir eru mjög líkar milli sveitarfélaga. Mögulega liggur samstarfið að mestu í miðlun þekkingar og reynslu af slíkum verkefnum.

Þessa ákvörðun mætti taka á sameiginlegum vettvangi SSH.

Skref 2: Val á lausn

Gríðarlegt framboð er af slíkum lausnum og sumar þeirra eru einfaldar og ódýrar á meðan aðrar eru öflugri og dýrari. Taka þarf mið af fjölda notenda og flækjustigi svörunar þegar lausn er valin. Gott byrjunarskref er að meta fjölda daglegra samtala sem lausnin gæti svarað og tímasparnaðinum sem er mögulegur út frá getu lausnar.

Skref 3: Þróun

Verkefni af þessu tagi þarfnast takmarkaðrar tæknikunnáttu. Oft eru þau best geymd í höndunum á fólki sem starfar nálægt þeirri þjónustu sem á að sjálfvirknivæða. T.d. getur verið gott að fá manneskju sem starfar nú þegar við að svara einstaklingum til að sjá um uppsetningu og viðhald lausnarinnar.

Uppsetning innleiðingarverkefnis fer eftir umfangi verkefnisins og tólinu sem verður fyrir valinu.

Gögn sem koma við sögu

Sumar spjalllausnir byggja á því að þekking á málefninu sé færð inn í lausnina í svartré. Því þarf lausnin ekki að tengjast neinum gögnum. Aðrar lausnir geta búið til svörin sjálfvirktt upp úr texta sem þeim er gefinn aðgangur að. Slík textagögn þarf að fara yfir og passa að ekki

séu villur í þeim. Einnig þarf að passa að öll atriði komi þar fram sem lausnin á að geta svarað.

Tæknilegir innviðir

Flestar slíkar lausnir eru SaaS lausnir sem hýstar eru hjá birgnum og þarfnast því ekki sérstakrar uppsetningar. Hins vegar þarf að koma spjallglugganum fyrir á réttum stað, t.d. á vefsíðu.

H3 - Spunagreind fyrir byggingarfulltrúa

Hugmyndin snýst um þróun lausnar sem hjálpar byggingarfulltrúum að svara fyrirspurnum. Ekki er um að ræða sjálfvirka svörun heldur töl sem finnur viðeigandi upplýsingar úr lögum og reglugerðum og hjálpar byggingarfulltrúa að semja svarið. Bakvinnsla er stór hluti starfsemi sveitarfélaga og í þessu tilfelli fer mikill tími í slíka svörun.

Sveitarfélögin fylgja að mestu sama ramma varðandi byggingareglugerðir og lög. Því er líklegt að þróun á slíkri lausn geti samnýst þeim. Lausnin er einnig góður byrjunarpunktur í tilraunum með sérþróun lausna sem byggja á spunagreind. Hér er ekki unnið með viðkvæm gögn og myndi fást dýrmæt reynsla sem síðar væri hægt að yfirfæra á önnur svið og ferla. Í næsta skrefi mætti jafnvel skoða svið sem krefjast vinnslu viðkvæmari gagna.

Reykjavík hefur nú þegar hafið þróun á slíkri lausn og hægt væri að sameinast um næstu skref í þeirri þróun.

*Fyrstu skref***Skref 1: Val á samstarfsaðilum**

Reykjavík hefur nú þegar hafið þróun á slíkri lausn. Eitt eða fleiri sveitarfélög þyrftu að hefja samtal við Reykjavík til að bera saman ferla sína og gögn. Samstarfið fælist í því að finna leiðir til beita lausn Reykjavíkur á gögn frá öðrum sveitarfélögum.

Ágætt væri að taka þessa ákvörðun á sameiginlegum vettvangi SSH.

Ákvörðun um eign og rekstur lausnarinnar er einnig sérstakt úrlausnarefni sem mikilvægt er að ræða.

Skref 2: Hönnun

Ákveða þarf hvernig lausnin eigi að nýtast fleiri sveitarfélögum og hvaða eiginleika er mikilvægast að útfæra fyrir fleiri sveitarfélög. Einnig þarf að skoða hverju það breytir fyrir þróun lausnarinnar að hún eigi að virka fyrir fleiri sveitarfélög. Útfærsluatriði er hvort eitt

sveitarfélag hýsi miðlæga lausn fyrir alla aðila eða hvort hvert sveitarfélag þurfi að hýsa fyrir sig.

Skref 3: Samanburður á gögnum

Þegar búið er að finna sveitarfélög sem vilja vinna með Reykjavíkurborg og ákveða í hverju samstarfið á að felast er hægt að byrja að bera saman gögn. Kortleggja þarf vinnuna við það að láta lausnina virka fyrir gögn frá fleiri sveitarfélögum.

Í kjölfarið á þessu mati er hægt að meta hversu mikla vinnu þarf til að önnur sveitarfélög geti byggt á núverandi þróun.

Skref 4: Þróun

Ef ákveðið er að fara af stað í þróun að loknu umfangsmati í skrefi 3 þarf að stilla upp áætlun og mótast hún af umfangi verkefnis og samstarfsaðilum.

Gögn sem koma við sögu

Byggingareglugerðir og lög sem tengjast þeim.

Tæknilegir innviðir

Lausnin væri líklegast hýst á skjáinnviðum sveitarfélaganna. Til að auðvelda tengingu við gögn hvers sveitarfélags er mögulega betra að hvert sveitarfélag hýsi fyrir sig.

H1 - Gagnagreining fyrir lýðfræðilega þróun og skipulag

Greining og úrvinnsla gagna til að styðja við ákvarðanatöku í skipulagsmálum. Lykilhlutverki gegnir spálíkan fyrir höfuðborgarsvæðið sem metur líklega þróun í fjölda og samsetningu íbúa á lýðfræðilegum þáttum sem liggja til grundvallar í fjárfestingaákvörðunum sveitarfélaga, í innviðum og þjónustu.

Slík lausn stuðlar að betri ákvörðunum í skipulagsmálum innan sveitarfélaga og líklega einnig þvert á sveitarfélögin. Gera má ráð fyrir að til lengri tíma geti slík lausn stuðlað að betri nýtingu fjármuna.

Reykjavík hefur hafið vinnu við þróun spálíkans um lýðfræðilega þróun og m.a. lagt talsverða vinnu í undirbúning gagna. Sveitarfélög gætu sameinast um næstu skref í þróun slíkrar lausnar.

Fyrstu skref

Skref 1: Val á samstarfsaðilum

Reykjavík hefur nú þegar hafið þróun á slíkri lausn. Eitt eða fleiri sveitarfélög þyrftu að ákveða að hefja samtal um samstarf. Samstarfið fælist í því að finna leiðir til að innvinka gögn frá fleiri sveitarfélögum inn í módel Reykjavíkur. Lausnin nýtist þá hverju sveitarfélagi til að greina lýðfræðilega fyrir sitt sveitarfélag. Gert er ráð fyrir að hægt sé að þróa nákvæmari lausn eftir því sem gögn frá fleiri sveitarfélögum eru notuð.

Ágætt væri að taka þessa ákvörðun á sameiginlegum vettvangi SSH.

Ákvörðun um eign og rekstur lausnarinnar er einnig sérstakt úrlausnarefni sem mikilvægt er að ræða.

Skref 2: Hönnun

Ákveða þarf hvernig lausnin eigi að nýtast fleiri sveitarfélögum og hvaða eiginleika er mikilvægast að útfæra fyrir fleiri sveitarfélög. Einnig þarf að skoða hvernig greiningin breytist við að fá inn gögn frá mismunandi sveitarfélögum.

Skref 3: Samanburður á gögnum

Þegar búið er að finna sveitarfélög sem vilja vinna með Reykjavíkurborg og ákveða í hverju samstarfið á að felast er hægt að byrja að bera saman gögn. Kortleggja þarf vinnuna við það

að tengja núverandi lausn við nauðsynleg gögn fyrir fleiri sveitarfélög. Þá þarf sérstaklega að hafa í huga hvernig sækja eigi gögn frá Hagstofunni fyrir fleiri sveitarfélög.

Í kjölfarið á þessu mati er hægt að meta hversu mikla vinnu þarf til að önnur sveitarfélög geti byggt á núverandi þróun.

Skref 4: Þróun

Ef ákveðið er að fara af stað í þróun að loknu umfangsmati í skrefi 3 þarf að stilla upp áætlun og móta hún af umfangi verkefnis og samstarfsaðilum.

Gögn sem koma við sögu

Ýmis lýðfræðileg gögn frá sveitarfélögunum og Hagstofunni. Einnig gögn sem varpa ljósi á skipulag, innviði og þjónustu. Greining þarf að eiga sér stað til að skilgreina þau nánar.

Tæknilegir innviðir

Lausnin væri líklega hýst á skýjainnvíðum sveitarfélaganna. Líklega væri best að hýst og þróuð væri ein miðlæg lausn sem vinnur gögnin saman en þá þarf að smíða gagnatengingar við mismunandi sveitarfélög.

Lokaorð

DataLab sér gríðarleg tækifæri í hagnýtingu gervigreindar og gagnatækni hjá sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins. Stærðarhagkvæmnin er mikil og eykst verulega með auknu samstarfi. Eftir því sem tæknilausnir verða mikilvægari í rekstri sveitarfélaga verður slíkt samstarf enn mikilvægara, bæði fyrir stærri og minni sveitarfélög. Til að styðja við slíkt samstarf er mikilvægt að samtal milli aðila sé gott og lifandi. Samræming aðferða og uppsetningar í dag getur auðveldað framtíðarsamstarf gríðarlega. Með því að fara sem fyrst af stað í verkefni sem láta reyna á samstarf og samræmingu má beina ljósi snemma á þá vankanta sem geta hindrað það. Hér er til mikils að vinna og segja má að slíkt samstarf muni verða grundvallaratriði í rekstri sveitarfélaga.

Viðauki 1: Hugmyndir og úrbótaverkefni

Taflan sýnir hugmyndir og úrbótaverkefni sem komu fram í samtölum við sveitarfélögin og mynduðu grunn að topp 10 listanum sem nánar er fjallað um í þessu skjali. Við nánari umfjöllun voru einstakar hugmyndir sameinaðar, lýsingum breytt lítillega og þeim gefin ný númer (H1-6 og Ú1-4).

Númer	Flokkun	Lýsing	Tegund
1	AI hugmynd	Sjálfvirk svörun við umsóknum og fyrirspurnum (þjónustuspallmenni) (H2)	Spunagreind - Spjallmenni
2	AI hugmynd	Spunagreind fyrir byggingarfulltrúa (H3)	Spunagreind - Sérfræðingur
3	AI hugmynd	Spunagreind fyrir félagsþjónustu (H4)	Spunagreind - Sérfræðingur
4	AI hugmynd	Spálíkan fyrir lýðfræðilega þróun (H1)	Spálíkan
5	AI hugmynd	Fundargerðir	Spunagreind
6	AI hugmynd	Spálíkan fyrir úrgang og losun	Spálíkan
7	AI hugmynd	Spunagreind í skólum	Sjá #21
8	AI hugmynd	Gagnagreining fyrir skipulag (H1)	Hybrid
9	AI hugmynd	Greining umsagna og ábendinga með gervigreind	Spunagreind
10	AI hugmynd	Úrvinnsla skjala með gervigreind	Spunagreind
11	AI hugmynd	Digital Twin City	Hybrid
12	AI hugmynd	Aukin sjálfvirkni (H5)	RPA / Erindrekar
13	AI hugmynd	Þjónustuspjallmenni fyrir íbúa	Spunagreind
14	AI hugmynd	Vaktaskipulag (H6)	Bestun
15	AI hugmynd	Snjöll mælaborð	Spálíkan
16	Úrbótaverkefni	Samræmd meðhöndlun gagna (Ú3)	Samráð
17	Úrbótaverkefni	Samræmd gervigreindarstefna og verklag (Ú2)	Samráð
18	Úrbótaverkefni	Samráðsvettvangur um gervigreind (Ú1)	Samráð
19	Úrbótaverkefni	Sameiginlegur rekstur upplýsingatækni	Samráð
20	Úrbótaverkefni	Sameiginleg þróun lausna með opið hugbúnaðarleyfi	Samráð
21	Úrbótaverkefni	Gervigreind í skólum (Ú4)	Samráð
22	Úrbótaverkefni	Sveitarstjórnargögn hjá Hagstofu / Hagstofa sveitarfélaga	Samráð
23	Úrbótaverkefni	Sameiginleg innkaup og samnýting hugbúnaðarleyfa	Samráð

